GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Vopnafjarðarhrepps.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

	Gjaldið er sem hér greinir:		Kr.
A)	*Íbúðir*	sorphirðugjald	4.000
B)	*Fyrirtæki:*		
	Flokkur 0	sorphirðugjald	5.000
	Flokkur 1	sorphirðugjald	10.000
	Flokkur 2	sorphirðugjald	25.000
	Flokkur 3	sorpeyðingargjald	50.000
	Flokkur 4	sorpeyðingargjald	80.000
	Flokkur 5	sorpeyðingargjald	200.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 21. janúar 1997.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.